



**Nefndasvið Alþingis**  
**Atvinnuveganefnd**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 19. desember 2014

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi erlendra sérfræðinga (þingskjal 125 – 123. mál)**

Samtök iðnaðarins hafa um árabíl talað fyrir tímabundnum ívilnunum fyrir erlenda sérfræðinga til að laða þá til starfa hjá fyrirtækjum á Íslandi. Þar hafa starfshópar innan hugverkagreina verið leiðandi í umræðunni.

Í janúar 2015 munu Samtök iðnaðarins kynna könnun um viðhorf fyrirtækja og stofnana til mála sem tengjast ráðningu erlendra sérfræðinga til Íslands. Könnunin var unnin af Maskínu og er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, Íslandsstofu, Reykjavíkurborgar og Viðskiptaráðs og var gerð á tímabilinu, nóv.-des. 2014.

Einnig komu SI að undirbúningi draga að frumvarpi um sem kynnt var af fjárfestingavakt Íslandsstofu fyrir ríkisstjórn Íslands í maí 2013 með tillögum að breytingum á tímabundnu dvalar- og atvinnuleyfi og skattaívilnanir til sérhæfðra erlendra starfsmanna á grundvelli sérgreindra tímabundinna verkefna.

Til upplýsingar benda SI á að við höfum þegar átt samskipti við þingmannanefnd um útlendingamál sem á að hafa það að leiðarljósi að bæta íslenska löggjöf.

Við erum því sammála yfirlýstum áherslum þingsályktunartillögu um bætt starfsumhverfi erlendra sérfræðinga og vonumst til að fá að koma að þessari vinnu á einhvern hátt.

Virðingafyllst,

F.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Katrín Dóra Þorsteinsdóttir', written over a horizontal line.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir